

**1. afgreiðslufundur Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar (SBE)
haldinn á skrifstofu SBE, Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi, 3. janúar 2020 og hófst
hann kl. 10:00.**

Fundinn sátu:
Vigfús Björnsson.

Fundargerð ritaði: Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Hótel Sveinbjarnargerði breytingar 2019 - 1910004

Sólfjörð Hótel ehf. kt. 460115-0190, Sveinbjarnargerði 2A, Svalbarðsstrandarhreppi, sækir um byggingarleyfi vegna breytinga innanhúss í húsnæði hótelsins í Sveinbjarnargerði. Erindinu fylgja uppdrættir frá Valþóri Brynjarssyni á Kollgátu dags. 2019-09-30. Breytingarnar sem um ræðir eru tilgreindar í byggingarlýsingu á uppdrætti 100. Uppdrættirnir sem fylgja erindinu taka til alls húsnæðis hótelsins og er um að ræða tæmandi samantekt á nokkrum eldri uppdráttum af húsnæðinu.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15

Vigfús Björnsson